

## Uppbyggingarsamningur

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639 og Tankur, menningarfélag, kt. 711019-1460, gera með sér svofelldan samning um byggingu útilistaverksins *Tankur* eftir japanska arkitektinn Yasuaki Tanago (hér eftir nefnt „verkefnið“).

1. gr.

### *Verkefnið*

Um er að ræða samstarfsverkefni Ísafjarðarbæjar og Tanks, menningarfélags, sem starfar án hagnaðarsjónarmiða í þágu íbúa Þingeyrar. Tankurinn sem er smíðaður úr endurnýttum járntanki, nýttist bæjarbúum, skólabornum og ferðalöngum sem vettvangur fyrir útivist, útikennslu og nýsköpun. Tilgangurinn er að tengja með áhrifaríku hætti olíutank, sem tákn um atvinnusögu fiskiþorpsins, við náttúruupplifun almennings á Þingeyri. Með japanskri hönnun úr endurnýttum olíutanki og grjóthnullungum úr Dýrafirði myndar *Tankur* brú milli ólíkra menningarheima frá fortíð yfir í framtíð.

2. gr.

### *Skilyrdur Tanksins, menningarfélags*

Tankur, menningarfélag skal sjá um hönnun, fjármögnun og framkvæmd verkefnisins og upplýsa Ísafjarðarbæ, skv. 4. og 5. gr. um verkefnastöðu, þegar þess er óskað. Félagið skal sjá til þess að umgengni á framkvæmdatíma sé ásættanleg og verkefninu sé eðlilega sinnt. Tankur, menningarfélag skal sækja um þau leyfi og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til verkefna sem slíkra. Að loknum framkvæmdum hefur Tankur, menningarfélag umsjón með Tanki, útilistaverkinu í fimm ár, sbr. 3. gr.

Heildarkostnaður verkefnisins er áætlaður kr. 24.500.000, og er það í þremur hlutum. Fyrsti hlutinn, bygging *Tanks* og grófur frágangur á lóð í kring lýkur árið 2020. Annar hluti, finfrágangur á lóð, lýkur árið 2021 og þriðji hluti, nýting á *Tanki* sem útilistaverki fyrir skólaborn, almennung á Þingeyri og ferðafólk sem þangað kemur, lýkur árið 2025.

Forsendur framlags Ísafjarðarbæjar til framkvæmdarinnar, skv. 4. gr., er að fjármögnun fyrsta hlutar sé tryggð.

Skilyrdur Tanks, menningarfélags felast í að byggja og sjá um listaverkið fyrstu fimm árin. Að fimm árum liðnum afhendir félagið Ísafjarðarbæ listaverkið til eignar og umsjónar.

3. gr.

### *Skilyrdur Ísafjarðarbæjar*

Ísafjarðarbær leggur fram lóðina Sjávargötu 16, Þingeyri, fyrir verkefnið. Lóðin er í eigu Ísfjarðarbæjar. Ísafjarðarbær sér til þess að lóðin verði tilbúin fyrir framkvæmdir og búið að fjarlægja geymslugáma fyrir lok maí 2020. Við lok framkvæmdar þriðja hluta mun verkefnið verða í eigu og á ábyrgð Ísafjarðarbæjar, eða þann 31. desember 2025.

4. gr.

### *Greiðslur*

Ísafjarðarbær greiðir framlag til framkvæmdarinnar alls kr. 8.000.000. Framlagið skal greiðast í áföngum við framkvæmd fyrsta verkhluta. Við upphaf framkvæmdar greiðist kr. 4.000.000, eftir útgáfu byggingarleyfis greiðast kr. 1.500.000, eftir úttekt byggingarfulltrúa á burðarvirki,

*Jóhann Þor Magnússon*

undirstöðum og uppsetningu *Tanks* greiðast kr. 1.500.000 og eftir lokaúttekt byggingarfulltrúa greiðast kr. 1.000.000. Tankur, menningarfélag, skal gefa út reikning fyrir greiðslunum á hendur Ísafjarðarbæ.

Verklok fyrsta verkhluta skulu tilkynnt í síðasta lagi 1. desember 2020 með skýrslu og sundurliðuðu yfirliti um kostnað og afriti reikninga ársins 2020. Verklok annars verkhluta skulu tilkynnt í síðasta lagi 1. desember 2021, með lokaskýrslu og sundurliðuðu yfirliti um kostnað og afriti reikninga ársins 2021.

Ef verkefnið skv. 1. gr. samnings þessa hefst ekki verða þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa afturkræfar. Berist Ísafjarðarbæ ekki tilkynning um verklok, ásamt umbeðnum gögnum, skv. 2. mgr. 4. gr. samnings þessa fellur samningur þessi úr gildi og þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa verða afturkræfar og skulu endurgreiddar fyrir 31. desember 2020.

5. gr.

*Eftirlit og samskipti*

Byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur eftirlit með verkinu og mun sjá um samskipti við Tank, menningarfélag, f.h. Ísafjarðarbæjar.

Ketill Berg Magnússon, stjórnarformaður *Tanks*, menningarfélags mun sjá um samskipti við Ísafjarðarbæ f.h. félagsins.

6. gr.

*Önnur ákvæði*

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

18. maí 2020

F.h. Ísafjarðarbæjar



F.h. *Tanks*, menningarfélags



Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun.

